

Alþingi
Velferðarnefnd
150 Reykjavík



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 29. maí 2018

Tilvísun: 2018040809PS/--

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/2007, 139/2005, 42/2010 og 46/1980

Hinn 30. apríl 2018 barst Persónuvernd frá velferðarnefnd Alþingis beiðni um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/2007 um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, lögum nr. 139/2005 um starfsmannaleigur, lögum nr. 42/2010 um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum og lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (þskj. 674, 468. mál á 148. löggjafarþingi). Miðað við fljótlega athugun er þau ákvæði, sem einkum varða vinnslu persónuupplýsinga og þar með starfssvið Persónuverndar, að finna í 4., 9., 10. og 14. gr., b-lið 15. gr., 18., 19., 22., 27., 30., 34., 35., 41., 42., 44., 50., 58., 59., 60., 65. og 66. gr. frumvarpsins. Lúta þessi ákvæði að vinnslu persónuupplýsinga á vegum stjórnvalda sem hafa með höndum eftirlit í tengslum við störf útlendinga á íslenskum vinnumarkaði.

Eins og fram kemur í umsagnarbeiðninni hafði upphaflega farist fyrir að senda Persónuvernd slíka beiðni fyrir mistök. Var beiðni því ekki send stofnuninni fyrr en rétt áður en ráðgert var að afgreiða umrætt frumvarp frá nefndinni. Vegna mikilla anna Persónuverndar, m.a. í tengslum við innleiðingu nýrrar persónuverndarlöggjfar, hefur ekki reynst unnt að yfirfara frumvarpið ítarlega. Til þess er hins vegar að líta að velferðarráðuneytið sendi Persónuvernd drög að frumvarpinu til umsagnar hinn 14. febrúar 2018 og var hún veitt með bréfi, dags. 26. mars s.á. (mál nr. 2018/347 hjá stofnuninni). Að ósk ráðuneytisins var þar sérstaklega veitt umsögn um tiltekin ákvæði sem eru samhljóða samsvarandi ákvæðum í frumvarpinu og hafa þar sömu tilvísunarnúmer (að því undanskildu þó að c-liður varð að 3. mgr. í tillögu 19. gr. að breytingum á 14. gr. laga nr. 45/2007). Í umsögninni segir meðal annars:

„Samkvæmt beiðni ráðuneytisins eru það einkum fjögur ákvæði frumvarpsdraganna sem óskað er umsagnar Persónuverndar um, þ.e. 9. mgr. tillögu a-liðar 15. gr. draganna að 11. gr. a í lögum nr. 45/2007, 3. mgr. tillögu b-liðar 15. gr. draganna að 11. gr. b í sömu lögum, tillaga c-liðar 19. gr. draganna að nýrri málsgrein í 14. gr. laga nr. 45/2007, auk 3. mgr. tillögu 42. gr. draganna að 10. gr. c í lögum nr. 139/2005. Eru þetta allt ákvæði þess efnis að komi persónuupplýsingar fyrir í tilteknum gögnum, þ. á m. viðkvæmar, skuli farið með þær í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þá er sambærileg ákvæði að finna í 8. mgr. tillögu a-liðar 36 gr. draganna að 4. gr. b í lögum nr. 139/2005, sem og tillögu 3. mgr. b-liðar 36 gr. draganna að 4. gr. c í sömu lögum.

Persónuvernd gerir ekki athugasemdir við umrædd ákvæði, enda telur stofnunin tilvísanir til persónuverndarlöggjafarinnar í sérlægum á einstökum sviðum geta stuðlað að aukinni meðvitund um meginreglur hennar. Einnig skal hins vegar tekið fram að Persónuvernd telur tilvísanir sem þessar ekki leiða til þess að við aðra vinnslu persónuupplýsinga, sem fram fer innan ramma viðkomandi sérлага, teljist persónuverndarlöggjöfin ekki gilda á grundvelli gagnályktunar.“

Persónuvernd áréttar framangreint. Þá skal tekið fram að verði frekari umsagnar óskað verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,



Þórður Sveinsson